

Almennir viðskipta-og afhendingarskilmálar fyrir BEWI Iceland

(útgáfa 1.0 – frá og með 25. mars 2026)

1. Gildissvið skilmála

1.1. Skilmálar þessir gilda fyrir allar pantanir sem berast BEWI Iceland, hér eftir nefnt BEWI, nema annað hafi verið sérstaklega samþykkt skriflega af BEWI. Kaupandi staðfestir með pöntun sinni að hafi lesið, skilið og samþykkt efni þessara skilmála.

1.2. Viðskiptavinur (einnig nefndur „kaupandi“) telst (1) sá einstaklingur sem kaupir vöru/vörur af BEWI í skilningi laga um neytendakaup nr. 48/2003 eða (2) fyrirtæki sem kaupir vöru/vörur af BEWI í skilningi laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Gilda framangreind lög um réttarstöðu kaupanda og BEWI vegna viðskipta þeirra á milli, til viðbótar við skilmála þessa.

1.3. Áskilinn er réttur til að uppfæra og breyta ákvæðum skilmála þessara án fyrirvara. Taka breytingar gildi við birtingu uppfærðra skilmála.

2. Tilboð og pöntunarstaðfesting

2.1. Tilboð verða fyrst bindandi þegar kaupandi hefur móttengið pöntunarstaðfestingu frá BEWI.

2.2. Ef pöntunarstaðfesting BEWI stemmir ekki við pöntun kaupanda, skal kaupandi gera athugasemdir með tölvupósti eigi síðar en 3 virkum dögum frá móttöku staðfestingarinnar. Að öðrum kosti telst kaupandi bundinn af efni staðfestingarinnar.

3. Verð, gjöld og kostnaður

3.1. Öll verð eru gefin upp í íslenskum krónum án virðisaukaskatts og annarra opinberra gjalda, nema annað komi fram í tilboði eða pöntunarstaðfestingu. Beri varan virðisaukaskatt, leggst hann ofan á vöruverðið. Kaupandi skal fram að afhendingu samþykkja breytingar á virðisaukaskatti, gjalddöku, gengisbreytingum, tollum, flutningskostnaði, hráefnisverði.

3.2. Verð BEWI á vörum sem falla undir útvíkkaða framleiðendaábyrgð verður áskilið gjöldum frá yfirvöldum og viðkomandi samtökum sem eru í gildi við afhendingu, auk þess stjórnunarkostnaðar BEWI sem tengist meðhöndlun hinnar útvíkkuðu framleiðendaábyrgðar. Er því gerður áskilnaður um að eftir atvikum bæta framangreindum gjöldum við vöruverð.

3.3. Ef BEWI annast umsókn um endurgreiðslu gjalda vegna útflutnings á umbúðum í umboði kaupanda, ber kaupandi allan kostnað sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna þess. Kaupandi samþykkir jafnframt að BEWI megi skuldajafna þessum kostnaði við útborgun endurgreiðslu. Flutningsfé BEWI er unnið eftir bestu getu, án ábyrgðar á tilteknum árangri eða tímaramma.

3.4. Til að BEWI geti uppfyllt skyldur sínar skv. útvíkkaðri framleiðendaábyrgð skal kaupandi láta fyrirtækinu í té upplýsingar um það hvort hann teljist örfyrirtæki samkvæmt gildandi lögum. Upplýsingarnar skulu gefnar við pöntun.

3.5. Kaupandi skuldbindur sig til að gefa réttar og fullnægjandi upplýsingar samkvæmt liðum 3.3 og 3.4, sem og aðrar upplýsingar sem BEWI kann að óska eftir. Ef upplýsingarnar reynast rangar eða ófullnægjandi og valda BEWI tjóni eða kostnaði, skal kaupandi bæta slíkt tjón. BEWI ber enga ábyrgð á sannprófun upplýsinganna.

4. Afhending

4.1. Nema annað komi fram í tilboði eða staðfestingu, miðast verð við afgreiðslu úr vöruhúsi BEWI Iceland ehf. (EXW) Á allar pantanir bætist úrvinnslusgjald frá ríkinu (VSK-skylt).

4.2. Fyrir sérpantanir samkvæmt forskrift kaupanda er BEWI heimilt að afhenda með eftirfarandi frávikum:

- Afhending allt að 3000 stk.: +/- 20%
- Afhending yfir 3001 stk.: +/- 10%

4.3. Afhendingartími getur verið breytilegur eftir vöruframboði, en leitast er við að afhenda vörur eins fljótt og unnt er og ekki seinna en á áætluðum afhendingardegi. Leitast skal við að upplýsa kaupanda eins fljótt og hægt er ef tafir verða á afhendingu.

4.4 BEWI er einnig heimilt að fresta afhendingu á meðan uppi er svokallaður „force majeure“ atburður, þ.m.t., en ekki einskorðað við, verkföll, lásanir, eldsvoða, vatnstjón, vélarbilanir, orkuskort, stríð, hráefnisskort, netárásir eða sambærileg vandamál, sem kemur í veg fyrir afhendingargetu BEWI. Ef slík atvik eða hindranir valda óhóflegum kostnaði eða ómöguleika á afhendingu áskilur BEWI sér rétt til að hætta við pöntun gegn endurgreiðslu kaupverðs hafi það verið greitt.

4.5. Ef afhending misheppnast vegna aðstæðna sem rekja má til kaupanda eða afhendingarstaðar greiðir kaupandi kostnað vegna ónýttar keyrslu, biðtíma, gámaleigu eða nýrrar afhendingar. Hljótist frekari kostnaður af afhendingu vörunnar vegna atvika eða aðstæðna á afhendingarstað, t.a.m. ef BEWI þarf að gera sérstakar ráðstafanir, svo sem að umhlaða í minni bifreið, skal kaupandi bera kostnað af slíku.

5. Greiðsla

5.1. Greiða skal við afhendingu nema annað sé tekið fram á reikningi eða samið hafi verið um skriflega.

5.2. Við greiðsludrátt, áskilur BEWI sér rétt til að leggja á dráttarvexti, 1,5% á mánuði frá gjalddaga.

Seðilgjald kostar kr. 250. Sé ekki greitt á gjalddaga er BEWI heimilt að hætta þjónustu þegar í stað. Komi upp veruleg vanefnd er BEWI heimilt að segja upp viðskiptasambandi við viðskiptavin. Greiðsludráttur telst ávallt veruleg vanefnd.

5.3. Ef greiðslugeta kaupanda versnar eftir pöntunarstaðfestingu getur BEWI krafist tryggingar eða fyrirframgreiðslu.

6. Eignarréttarfyrrvari

6.1. Varan er eign BEWI þar til hún er greidd að fullu.

6.2. Klisjur og stansar eru geymd í 1 ár frá síðustu notkun.

7. Vöruupplýsingar

7.1. Kaupanda ber að kynna sér tæknilegar upplýsingar, bæklinga og aðrar leiðbeiningar frá framleiðanda og fylgja þeim í hvívetna. Ef ekki er farið eftir leiðbeiningum framleiðanda fellur ábyrgð hans á vörunni úr gildi.

8. Ábyrgð seldra vara

8.1. Vara telst afhent þegar kaupandi hefur veitt vörunni viðtöku á afhendingarstað. Áhættan af vöru flyst yfir til kaupanda við móttöku vörunnar. Sjái BEWI ekki um flutning vörunnar flyst áhættan frá BEWI þegar varan er afhent flutningsaðila.

8.2. Gallar sem sjá má eða ætti að sjá við móttöku skulu tilkynntir skriflega án ástæðulauss dráttar, en þó skulu kvartanir aldrei berast síðar en innan þriggja mánaða frá afhendingu. BEWI á rétt á því að yfirfara vöru og meta hvort galli sé til staðar. Ekki má nota vöruna eða meðhöndla fyrr en kvörtun / tilkynning um galla hefur verið afgreidd af BEWI.

8.3. Kaupandi skal við afhendingu athuga hvort varan sé í samræmi við pöntun og hvort sjáanlegar skemmdir séu til staðar (t.d. fallin bretti, högg, vatnstjón). Meintar skemmdir skulu tilkynntar til BEWI tafarlaust.

8.4. Ef BEWI ber ábyrgð á galla getur fyrirtækið annað hvort lagað vöruna eða framkvæmt aðrar viðeigandi úrbætur.

8.5. Ef ábyrgð framleiðanda gildir lengur en lögbundinn kvörtunarfrestur, gildir ábyrgð framleiðanda. Slíkar ábyrgðir eru þó oft háðar tilteknum skilyrðum, sem kaupandi þarf að kynna sér og fylgja.

9. Skilareglur

9.1. Einungis er unnt að skila stöðluðum lager vörum. Öðrum vörum er ekki unnt að skila og fá endurgreiddar. Þá er ekki unnt að skila sérpöntunum.

9.2. Kaupandi skal greiða fyrir flutning á vöru sem hann hyggst skila. Skilafrestur er 14 dagar og aðeins er hægt að skila eftir skriflegri heimild BEWI.

9.3. Einungis má skila vörum sem eru ónotaðar og í sama ástandi og þegar þær voru afhentar. Geymsla og meðferð vara skal ávallt vera í samræmi við góða hætti og leiðbeiningar framleiðanda, en að öðrum kosti fellur ábyrgð niður og skilaréttur einnig.

10. Ábyrgð

10.1. Bætur vegna tjóns af gallaðri vöru geta aldrei numið hærri fjárhæð en kaupverði viðkomandi vöru (án VSK og gjalda).

10.2. BEWI ber ekki ábyrgð á hvers kyns óbeinu tjóni, svo sem rekstrartjóni, tímamissi eða hvers konar afleiddu tjóni, hvorki hjá kaupanda eða þriðja aðila. Þá ber BEWI ekki ábyrgð á tjóni þriðja aðila sem kann að stafa af gölluðum vörum. Kaupandi skal bæta allt tjón sem þriðji aðili verður fyrir ef tjónið er vegna aðstæðna sem rekja má til kaupanda. Ákvæði þessarar greinar takmarka eftir atvikum ekki ábyrgð samkvæmt lögum nr. 25/1991.

11. Ágreiningur og lögsaga

11.1. Ágreining sem upp kann að koma á milli kaupanda og BEWI skal reyna af fremsta megni að leysa úr milli aðila. Takist ekki að leysa ágreining á milli aðila og rísi þannig mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

12. Persónuvernd

12.1. Öryggi persónuupplýsinga þinna er mikilvægur hluti samstarfsins. Lestu persónuverndarstefnu okkar hér: Persónuverndarstefna — BEWI Íslandi.

13. Sérpantaðar vörur

13.1. Ákvæði þessarar 13. gr. gilda til viðbótar við almenna viðskiptakilmála BEWI þegar kemur að kaupum og afhendingu á sérpantaðri vöru samkvæmt fyrirbyggjandi forskriftum og tæknilýsingum eins og samið er um milli aðila. Kaupandi skal tiltaka vöru/vörunúmer, magn og eftir atvikum nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í pöntun til BEWI.

13.2. Sérpöntuð vara fæst ekki endurgreidd né skilað. 3 mánuðum eftir pöntun sérvöru er hún að fullu reikningsfærð hafi kaupandi ekki leyst hana til sín að fullu úr vöruhúsi seljanda. Geymslugjald bætist einnig við eftir þann tíma samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

13.3 Afhendingartími getur tekið breytingum vegna tafa í framleiðslu, hráefnisskorts eða flutnings. Seljandi skuldbindur sig til að upplýsa kaupanda um allar tafir svo fljótt sem auðið er. Seljandi er ekki ábyrgur fyrir töfum í flutningi eða framleiðslu. Kaupandi greiðir umframkostnað þegar óskað er eftir sérstakri flýtafgreiðslu.

13.4. Þar sem um sérpantaða vöru er að ræða er almennt enginn skilaréttur. Undantekning er þegar um galla er að ræða samkvæmt lögum eða mistök af hálfu seljanda. Seljandi kann að bera ábyrgð á göllum í samræmi við lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og viðeigandi reglur. Seljandi ber ekki ábyrgð á framleiðslu vörunnar heldur framleiðandi. Ábyrgð seljanda takmarkast við það að hún verður aldrei umfram kaupverð viðkomandi vöru (án vsk og gjalda).

13.5 Kaupandi og BEWI munu kappkosta við að halda hvor öðrum vel upplýstum um sölu og framleiðsluáætlanir varðandi viðkomandi vöru og birgðastöðu. Við lok samnings skal kaupandi leysa til sín allar birgðir af vörum á lager BEWI sem og vörur sem þegar hefur verið hafin framleiðsla á og í tilfellum það hráefni sem pantað hefur verið samkvæmt framleiðsluplönnum sérstaklega fyrir kaupanda. Vara er eign seljanda þar til að hún er að fullu greidd.

13.6. Breytingar á pöntun eftir staðfestingu eru aðeins heimilar ef framleiðsla eða innkaup hafa ekki hafist. Kaupandi ber kostnað sem kann að hljóttast af breytingum eða aflýsingu eftir þann tíma.

13.7 Riftun samnings. Kaupandi getur ekki rift samningi eða pöntun eftir að framleiðsla eða innkaup vegna vörunnar hafa hafist. BEWI hefur rétt til að rifta samningi ef kaupandi uppfyllir ekki greiðsluskyldur skv. viðskiptasambandi aðila.

13.8. Gildi viðskiptaskilmála. Almennir viðskipta- og afhendingarskilmálar BEWI gilda einnig um viðskiptasamband kaupanda sérpöntunarvara og seljanda eftir því sem við á, t.a.m. hvað varðar ábyrgð á seldum vörum, skilarétt ofl.

13.9. Samþykki samnings. Kaupandi staðfestir með pöntun sinni að hafi lesið, skilið og samþykkt skilmála þessarar 13. gr. sem og efni almennra viðskiptaskilmála BEWI í heild sinni.

25. mars 2026